

## AUGLÝSING

### um ákvörðun dómsmálaráðherra um að framlengja beitingu 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Dómsmálaráðherra hefur tekið ákvörðun um að framlengja ákvörðun um beitingu 44. gr. laga um útlendinga um sameiginlega vernd vegna fjöldaflotta í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu til og með 2. mars 2027. Upphaflega var ákvörðun um beitingu ákvæðisins tekin þann 4. mars 2022 og gildi til eins árs. Heimilt var samkvæmt ákvæðinu að endurnýja eða framlengja dvalarleyfi á grundvelli ákvæðisins í allt að þrjú ár frá því umsækjandi fékk fyrst leyfi. Dómsmálaráðherra framlengdi gildistíma ákvæðisins í tvígang, í eitt ár í senn, fyrst 3. mars 2023 og aftur 2. mars 2024. Ákvarðanir um framlengingu voru teknar að undangengnu samráði, innan lands sem utan, þar á meðal við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Hinn 18. nóvember 2024 samþykkti Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Lagabreytingin fólst í því að hámarkstími dvalarleyfa, sem veitt eru á grundvelli sameiginlegrar verndar í kjölfar fjöldaflotta, var lengdur úr þremur árum í fimm. Í kjölfar lagabreytinganna hefur dómsmálaráðherra tekið ákvörðun um að framlengja gildistímann um tvö ár til viðbótar, eða til og með 2. mars 2027. Eins og áður mun Útlendingastofnun endurnýja dvalarleyfin um eitt ár í seinn skv. 74. gr. laga um útlendinga og dvalarleyfin munu áfram öll hafa sama gildistíma.

Leiðbeiningar ráðuneytisins, dags. 11. mars 2022 ásamt uppfærðum leiðbeiningum birtar 2. janúar 2025 gilda um umsóknir á grundvelli 44. gr. laga um útlendinga og eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

*Dómsmálaráðuneytinu, 2. janúar 2025.*

**Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir**  
dómsmálaráðherra.

*Haukur Guðmundsson.*

**Fylgiskjal 1.****Leiðbeiningar dómsmálaráðuneytisins 11. mars 2022.**

Þann 4. mars 2022 tók dómsmálaráðherra ákvörðun um að virkja 44. gr. útlendingalaga nr. 80/2016 um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta sem hófst í kjölfar innrásar rússneska hersins í Úkraínu þann 24. febrúar sl.

**Gildissvið**

Ákvörðun ráðherra um að virkja 44. gr. útlendingalaga gildir frá 4. mars 2022 til og með 3. mars 2023, nema hún verði framlengd fyrir þann tíma.

Hvað varðar gildissvið ákvörðunarinnar ber fyrst að líta til 2. mgr. 44. gr. en þar kemur fram að útlendingi sem er hluti af hópi sem flýr tiltekið landsvæði og kemur til landsins eða er hér á landi þegar ákveðið hefur verið að beita ákvæðum greinarinnar, má að fenginni umsókn um alþjóðlega vernd veita vernd á grundvelli hópamats (sameiginleg vernd). Í athugasemdum með greinargerð sem fylgdi frumvarpi því er varð að útlendingalögum kemur enn fremur fram að ákvörðun um sameiginlega vernd nái fyrst og fremst til útlendinga frá viðkomandi svæði sem koma til landsins eftir að ákvörðunin er tekin. Útlendingur, sem er í landinu og á mál óafgreitt hjá stjórnvöldum, fellur einnig undir ákvörðunina. Að öðru leyti fjallar 44. gr. ekki um til hverra það skuli ná ef virkjað, enda þarf eðli málsins samkvæmt að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Ákvörðun ráðherra frá 4. mars 2022 um að virkja 44. gr. var tekin í beinu framhaldi af ákvörðun aðildarríkja Evrópusambandsins um að virkja tilskipun 2001/55/EB um tímabundna vernd vegna fjöldaflótta. Miðað er við að gildissvið ákvörðunar ráðherra sé hið sama og gildissvið tilskipunar 2001/55/EB, nánar tiltekið að ákvörðunin geti náð til eftirfarandi einstaklinga;

- a. úkraínskra ríkisborgara, sem búsettir voru í Úkraínu 24. febrúar 2022,
- b. þriðju ríkis borgara og ríkisfangslausra einstaklinga sem nutu alþjóðlegrar verndar, viðbótarverndar eða voru handhafar dvalarleyfis af mannúðarástæðum í Úkraínu 24. febrúar 2022,
- c. fjölskyldumeðlima þeirra sem stafliðir a og b tilgreina, burtséð frá því hvort viðkomandi fjölskyldumeðlimir eru þriðja ríkis borgarar og gætu með öruggum hætti horfið aftur til upprunaríkis. Með fjölskyldumeðlimum er átt við; maka eða sambúðarmaka, sem var hluti af viðkomandi fjölskyldu 24. febrúar 2022; börn og stjúpbörn undir 18 ára; aðra nána ættingja sem eru að hluta eða alfarið háð einstaklingum sem stafliðir a og b ná til.

Þeir einstaklingar sem falla undir framangreinda hópa geta þannig komið hingað til lands og óskað eftir sameiginlegri vernd á grundvelli hópamats. Það sama á við um þá sem falla undir framangreinda hópa en voru staddir hér á landi 24. febrúar 2022 og áttu óafgreitt mál hjá stjórnvöldum eða voru staddir hér á landi á grundvelli dvalarleyfis sem ekki er hægt að framlengja.

**Framkvæmd**

Ákvörðun ráðherra frá 4. mars 2022 um að virkja 44. gr. útlendingalaga um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta felur í sér að hefðbundið einstaklingsbundið mat og málsmeðferð sem gildir vegna umsókna um alþjóðlega vernd er tímabundið lagt til hliðar, slakað er á sönnunarkröfum og rannsóknarskyldu stjórnvalda og viðkomandi einstaklingar fá útgefið dvalarleyfi skv. 74. gr. útlendingalaga (dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða) til eins árs. Slíkt dvalarleyfi myndar ekki grundvöll til útgáfu ótímabundins dvalarleyfis, en slíkt leyfi má hvort heldur sem er endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá því að leyfi var fyrst veitt. Heimild til að framlengja leyfi felur í sér að Útlendingastofnun getur af sjálfsdáðum framlengt leyfi. Þá er miðað við að endurnýjun eða framlenging verði að jafnaði til eins árs í senn.

Að árunum þremur liðnum er heimilt að veita dvalarleyfi á grundvelli sameiginlegrar verndar sem getur myndað heimild til útgáfu á ótímabundnu dvalarleyfi. Á þessu stigi kann útlendingur hins vegar að leggja fram ósk um að umsókn hans um alþjóðlega vernd verði tekin til meðferðar, sbr. 4. mgr. 44. gr. og ef orðið verður við þeirri beiðni eða dvalarleyfi verður veitt á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. 74. gr., kemur dvalarleyfi, sem reist er á mati á stöðu einstaklingsins, í stað dvalarleyfis sem byggt er á sameiginlegri vernd. Að liðnu einu ári með slíkt dvalarleyfi, sem byggist á sameiginlegri vernd,

er heimilt að gefa út ótímabundið dvalarleyfi enda séu skilyrði til að halda slíku leyfi enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 58. gr.

Þrátt fyrir að slakað sé á rannsóknarskyldu stjórnvalda og kröfum um sönnun vegna verndar sem veitt er á grundvelli 44. gr. er mikilvægt að allir sem hingað til lands koma og sækja um vernd sýni fram á auðkenni og vensl, nánar tiltekið sanni á sér deili þannig a.m.k. séu leiddar að því líkur að viðkomandi sé sá sem hann segist vera og falli undir einhvern skilgreindra hópa í staflíðum a-c. Í framkvæmd er gert ráð fyrir að ferli hverrar og einnar umsóknar verði einfaldað til muna. Að meginstefnu taki stjórnvöld einungis eitt viðtal við umsækjanda og verði það viðtal framkvæmt af lögreglu. Útlendingastofnun mun leggja lögreglunni til lista nauðsynlegra spurninga sem ber að lágmarki að spurja alla umsækjendur um. Lögð er áhersla á að skráningar í lögreglukerfið (LÖKE) séu eins ítarlegar og vandaðar og mögulegt er, þ. á m. varðandi skráningu á persónuupplýsingum, afrit af vega-bréfum, ferðaskilríkjum eða öðrum skjölum sem viðkomandi leggur fram, skráningu á ferðaleiðum og frásögn frá viðkomandi einstaklingi þar sem hann lýsir stuttlega þeim aðstæðum sem hann er að flýja. Vísast til áhættuvísis/leiðbeininga landamærasviðs ríkislögreglustjóra til landamæravarða og lögreglumanna vegna stríðsátakanna í Úkraínu, dags. 9. mars 2022. Ekki er gert ráð fyrir að ferðaskilríki umsækjenda verði haldlögð, einungis afritað til samræmis við ákvörðun Útlendingastofnunar. Þá er ekki gert ráð fyrir að umsækjendum sem óska eftir vernd á grundvelli 44. gr. útlendingalaga verði skipaður talsmaður.

Að viðtali og skráningu lögreglu í LÖKE lokinni tekur Útlendingastofnun ákvörðun um útgáfu dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Til grundvallar ákvörðuninni eru fyrirliggjandi upplýsingar sem umsækjandi hefur lagt fram og veitt í viðtali við lögreglu. Í þeim tilvikum er upplýsingar þykja fullnægjandi til að sýna fram á auðkenni og vensl, þ.e. fyrirliggjandi eru upplýsingar sem leiða að því líkum að einstaklingur sé sá sem hann segist vera og falli undir einhvern af skilgreindum flokkum, sbr. staflíði a-c hér fyrir framan, er gert ráð fyrir að þær upplýsingar einar og sér nægi til útgáfu dvalarleyfis. Komi upp vafatilvik, þar sem lögregla getur ekki leitt að því líkum að einstaklingur sé sá sem hann segist vera eða viðkomandi falli undir einhvern af framangreindum skilgreindum flokkum, sbr. staflíði a-c, ber lögreglu að vísa málinu til Útlendingastofnunar sem skipar viðkomandi umsækjanda talsmann skv. 30. gr. útlendingalaga nr. 80/2016 og sætir umsókn viðkomandi þá hefðbundinni málsmeðferð um vernd samkvæmt útlendingalögum.

Ef umsækjandi ferðast með barn undir 18 ára ber lögreglu enn fremur að ganga úr skugga um tengsl barnsins við viðkomandi umsækjanda. Öryggi barnsins skal haft í fyrirrúmi og vakni minnsti vafi um tengsl einstaklings sem ferðast með barninu við barnið ber að kalla til fulltrúa barnaverndar-yfirvalda og vísa málinu til Útlendingastofnunar sem skipar barninu talsmann skv. 30. gr. útlendingalaga nr. 80/2016 og sætir umsókn viðkomandi þá hefðbundinni málsmeðferð samkvæmt útlendingalögum. Ef umsækjandi er fylgdarlaust barn ber að fara með umsókn um vernd samkvæmt hefðbundnum reglum útlendingalaga.

Ákvörðun um vernd á grundvelli 44. gr. útlendingalaga er kæránleg til kærunefndar útlendingamála og ber Útlendingastofnun við töku ákvörðunar að leiðbeina umsækjanda um kærurétt sinn. Útlendingastofnun ber enn fremur að leiðbeina umsækjanda um rétt sinn til hefðbundinnar málsmeðferðar samkvæmt útlendingalögum en að umsókn hafi tímabundið verið sett til hliðar, sbr. heimild 4. mgr. 44. gr. laganna.

## **Fylgiskjal 2.**

### **Uppfærðar leiðbeiningar dómsmálaráðuneytisins 29. júní 2023.**

Þann 4. mars 2022 tók dómsmálaráðherra ákvörðun um að virkja 44. gr. útlendingalaga nr. 80/2016 um sameiginlega vernd vegna fjöldaflotta sem hófst í kjölfar innrásar rússneskra hersins í Úkraínu þann 24. febrúar 2022. Hinn 1. febrúar 2023 ákvað ráðherra að framlengja gildistíma 44. gr. um eitt ár, eða til og með 3. mars 2024 og var sú ákvörðun tekin að undangengnu samráði, innan lands sem utan, þ. á m. við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Þær leiðbeiningar sem ráðuneytið gaf út 11. mars 2022 í tilefni af upphaflegri ákvörðun um virkjun 44. gr. gilda áfram. Til viðbótar er gert ráð fyrir að gildissvið ákvörðunar ráðherra geti náð til

úkraínskra ríkisborgara sem yfirgáfu Úkraínu skömmu fyrir 24. febrúar 2022. Hvað varðar þann hóp sem fjallað er um í staflid c í leiðbeiningum ráðuneytisins getur gildissvið ákvörðunar ráðherra einnig náð til fjölskyldumeðlima sem voru hluti af viðkomandi fjölskyldu fyrir 24. febrúar 2022. Loks er gert ráð fyrir að við mat á gildissviði ákvörðunarinnar sé heimilt að slaka á kröfum sem snúa að skráningu sama lögheimilis hjá mökum, sambýlisfólki og börnum yngri en 18 ára.

### **Fylgiskjal 3.**

#### **Uppfærðar leiðbeiningar dómsmálaráðuneytisins 2. janúar 2025.**

Dómsmálaráðherra ákvað 4. mars 2022 að beita 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 um sameiginlega vernd vegna fjöldaflóttu sem hófst í kjölfar innrásar rússneskra hersins í Úkraínu 24. febrúar 2022. Dómsmálaráðherra framlengdi gildistíma ákvæðisins í tvígang, um eitt ár í senn, fyrst 3. mars 2023 og aftur 2. mars 2024.

Hinn 18. nóvember 2024 samþykkti Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á 44. gr. laga nr. 80/2016, þar sem hámarkstími dvalarleyfa veitt á grundvelli ákvæðisins var lengdur úr þremur árum í fimm. Í samræmi við framangreinda breytingu ákvað dómsmálaráðherra að framlengja beitingu ákvæðisins til 2. mars 2027.

Leiðbeiningar ráðuneytisins frá 11. mars 2022 sem gefnar voru út í tilefni af upphaflegri ákvörðun ráðherra um beitingu 44. gr. gilda áfram en taka skal tillit til áðurnefndra lagabreytinga við lestur leiðbeininganna, þ.e. að hámarkstími dvalarleyfa veitt á grundvelli ákvæðisins var lengdur úr þremur árum í fimm. Eins og áður mun Útlendingastofnun endurnýja dvalarleyfin um eitt ár í seinn skv. 74. gr. laga um útlendinga og dvalarleyfin munu áfram öll hafa sama gildistíma.